

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Laxár og Krákár.

Býli	% af arði
Grenjaðarstaður	0 360
Aðalból	0 360
Búvellir	0 360
Hvoll	0 200
Staðarhóll	0 360
Brúar	0 360
Presthvammur	3 400
Birningsstaðir	5 000
Kasthvammur	3 700
Árhvammur	3 700
Halldórsstaðir I	1 100
Halldórsstaðir II	0 550
Halldórsstaðir III	0 825
Halldórsstaðir IV	0 825
Þverá	2 800
Auðnir	4 300
Hólar	4 732
Árhólar	2 368
Hamar	5 900
Ljósstaðir	4 300
Brettingsstaðir	5 100
Helluvað I	4 000
Helluvað II	2 000
Laxárbakki	2 000
Hofsstaðir	15 400
Arnarvatn I	2 700
Arnarvatn II	2 700
Arnarvatn III	2 700
Arnarvatn IV	2 700
Geirastaðir	3 332
Nónbjarg	1 668
Haganes	2 570
Álftagerði I	0 085
Álftagerði II	0 085
Álftagerði III	0 085
Álftagerði IV	0 085
Skútustaðir I	0 830
Skútustaðir II	0 415
Skútustaðir III	0 415
Grænavatn I	0 695
Grænavatn II	0 695
Grænavatn III	0 695
Grænavatn IV	0 695
Gautlönd I	0 600
Gautlönd II	0 300
Litlaströnd	0 380

Býli	% af arði
Baldursheimur I	0 487
Baldursheimur II	0 163
Þórólfshvoll	0 650
Heiði	0 135
Bjarnastaðir	0 135

Arðskrá þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Stóru-Langadalsár og Setbergsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Stóru-Langadalsár og Setbergsár. Heimili þess og varnarþing er á Skógarströnd.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Stóru-Langadalsá og Setbergsá, en þær eru Narfeyri, Ytri-Leiti, Stóri-Langidalur, Klettakot, Haukabrekka, Klungurbrekka, Litli-Langidalur, Setberg og Ós.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.